

Fundargerð 12. fundar stýrihóps um endurskoðun skólastefnu

Fundardagur: 30. september 2016.
Fundarupphaf: Kl. 15.
Staðsetning: Fundarherbergi á 3. hæð (Keilir).

Mætt: Kjörnir fulltrúar fræðsluráðs, þeir Sverrir Garðarsson, Hörður Svavarsson og Kristinn Andersen auk starfsmanna fræðslu- og frístundaþjónustunnar, þau Fanney D. Halldórsdóttir sviðsstjóri, Jenný D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla og Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla.

Mál sem voru rædd á fundinum:

1. mál: **Staða mála og framhaldið.**

Ekki tókst að ræða við skólastjórnendur fyrir fundinn í samræmi við tillögu í síðustu fundargerð.

Frekari umræða um áherslur í nýrri skólastefnu nú þegar nýr sviðsstjóri er kominn, m.a. hvort:

- áherslur skuli vera á faglega þætti (t.d. grunnþættir menntunar, gildi í skólastarfi sem endurspegli þegar gerð opinber gögn) sem einkennir skólastefnur margra sveitarfélaga eða á pólitíska stefnumótun (framτίðarsýn um ákveðna þætti, t.d. tækni, málefni flóttamanna/hælisleitenda, bættan námsárangur, heilsueflandi samfélag, gjaldfrjálsan grunnskóla, frístundaheimili á vegum annarra, viðurkenning fræðsluráðs, þjónustuviðmið í greiningum, leikskólaaldur o.þ.h.)
- samspil sé á milli skólastefnu sveitarfélags og annarra stefna þess.

Fyrir næsta fund:

- Starfsfólk fræðslu- og frístundaþjónustunnar tekur saman inngangs-/ almennan kafla fyrir skólastefnuna.
- Kjörnir fulltrúar taka saman þær áherslur sem þeir vilja sjá í stefnunni.
- Allt sett inn á sameiginlegt svæði (Dropbox) eða sent í tölvupósti fyrir lok næstu viku (fös. 7. okt.). Þar verði atriðin flokkuð, samræmt og rætt hver þeirra eigi heima í skólastefnunni. Skoðum hvað safnist þar saman, köstum á milli okkar og vinnum úr á næsta fundi (21. okt.).

Þegar drög liggja fyrir fari þau í umræðu í samfélaginu.

Næsti fundur er boðaður föstudaginn 21. október kl. 13-15 á sama stað.

Fundarslit kl. 12.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson